89 málsfræði, landmæling og hallamæling. 7. Fyrir reikning. 8. Fyrir dráttlist.

16. gr.

Hinar sjerstöku einkunnir eru: ágætlega, dável, vel, laklega, illa og afarilla, eður í tölum: 6, 5, 4, 3, 2 og 1. Ákveða má tölurnar fyrir neðan 6 nákvæmar með brotunum $^1/_3$ og $^2/_3$.

Allar hinar sjerstöku tölueinkunnir skal leggja saman og deila með einkunnafjöldanum. Tala sú, sem þá kemur út, reiknuð með 2 desímölum, sýnir aðaleinkunnina, en aðaleinkunnirnar eru: ágætlega (5,50—6), dável (4,50—5,49), vel (3,50—4,49), laklega (2,50—3,49). Nái einhver ekki 2,50 í aðaleinkunn, hefir hann ekki staðizt prófið.

17. gr.

Hverjum þeim lærisveini, er staðizt hefir burtfararpróf, skal skólastjóri gefa burtfararskírteini, og skal í því tilgreina aðaleinkunn þá, er hann hefir við prófið, og hinar sjerstöku einkunnir, er hann hefir fengið í hverri námsgrein. Í burtfararskírteininu skal gefin einkunn fyrir iðni við bóknám, en eigi telst sú einkunn með, þá er aðaleinkunnin er reiknuð út. Lýst skal og hegðun lærisveinsins. Sá lærisveinn, er eigi hefir staðizt burtfararpróf, eður eigi gengið undir það, á rjett á að fá vottorð skólastjóra um veru sína á skólanum.

18. gr.

Eptir lok hvers skólaárs skal skólastjóri senda amtsráðinu skýrslu um skólann og reikninga skólabúsins. Skal ágrip af hvorutveggju birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins. Skýrslu um skólahaldtð og yfirlit yfir efnahag stofnunarinnar skal birta á prenti að tilhlutun amtsráðsins.

Reglugjörð skólans 14. febr. 1890 er úr gildi numin.

Amtsráð Suðuramtsins, Reykjavík, 25. júní 1897.

*J. Havsteen. Þórður Guðmundsson. Guðl. Guðmundsson. P. J. Blöndal.*
*Valdimar Briem. Skúli Skúlason.*

90

# Reikningur

yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Norðuramtsins 1896.

Tekjur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Í sjóði 1. jan: | | |
| | a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum . . . | kr. | 594,66 |
| | b. Innritunarskírteini A. fol. 98 . . . . . . . . | — | 400,00 |
| | Flyt: | kr. | 994,66 |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Flutt: kr. 994,66 | | 90 |
| | c. Í skuldabrjefum einstakra manna | — 2050,00 | kr. 3044,66 | |
| 2. | Vextir: | | | |
| | a. Af uppsegjanl. kgl. skuldabrjefum | — 23,00 | | |
| | b. — innritunarskírteini A. fol. 98 | — 14,00 | | |
| | c. — skuldabrjefum einstakra manna | — 82,00 | — 119,79 | |
| | | Samtals: | kr. 3164,45 | |

Gjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Styrkur veittur búnaðarskólanum á Hólum | | — 119,79 |
| 2. | Í sjóði til næsta árs: | | |
| | a. Í uppsegjanlegum kgl. skuldabrjefum | kr. 594,66 | |
| | b. Innritunarskírteini A. fol. 98 | — 400,00 | |
| | c. Í skuldabrjefum einstara manna | — 2050,00 | — 3044,66 |
| | | Samtals: | kr. 3164,45 |

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri 4. jan. 1897.

*Páll Briem.*

# Skýrsla 91

um efnahag amtsbókasafns Norðuramtsins árið 1896.

Tekjur:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Tillag úr landssjóði | kr. 200,00 |
| 2. | Tillag úr jafnaðarsjóði | — 500,00 |
| 3. | Tillag frá notendum safnsins | — 11,00 |
| 4. | Fyrir seldar bækur lítt nýtar | — 9,50 |
| 5. | Til jafnaðar við gjaldalið 5 | — 29,57 |
| | | kr. 750,07 |

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skuld við reikningshaldara frá f. á. | — 29,57 |
| 2. | Fyrir bækur | — 598,19 |
| 3. | Fyrir bókband | — 19,45 |
| 4. | Bókavarðar laun | — 50,00 |
| 5. | Skuld við reikningshaldara | — 29,57 |
| 6. | Ýmislegur kostnaður | — 22,04 |
| 7. | Í sjóði hjá undirrituðum | — 1,25 |
| | | kr. 750,07 |

Akureyri, 2. janúar 1897.

*Páll Briem.*